

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

Deiliskipulag Arnarness.

Deiliskipulag Arnarness nær til byggðar í Arnarnesi að Hafnarfjarðarvegi í austri, Arnarneslæk í suðri og Kópavogi í norðri.

Deiliskipulagið er sett fram á tveimur uppdráttum og í greinargerð. Þar er kveðið á um öll atriði deiliskipulags í samræmi við skipulagslög og skipulagsreglugerð, s.s. byggingarreiti, nýtingarhlutfall, byggðan flöt á lóð, hæð húsa, útfærslu opinna svæða, legu stíga o.s.frv.

Við gerð deiliskipulagsins hefur verið leitast við að viðhalda þeim ákvæðum sem voru hluti af upphaflegu skipulagi Arnarness frá 1961. Landnotkun á háholtinu breytist frá eldra skipulagi og er nú skilgreind sem almenningsgarður í tillögunni.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 9. maí 2014.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. maí 2014